

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um rannsóknarleyfi Orkubús Vestfjarða.

1. *Hvers vegna hafa öll rannsóknarleyfi vegna sex hugsanlegra vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum verið veitt einkaaðilum en ekki Orkubúi Vestfjarða sem er eina orkufyrirtækið í almannaæigu á Vestfjörðum?*

Rannsóknarleyfi vegna nýtingu vatnsafls eru veitt af Orkustofnun á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Orkubú Vestfjarða starfar eins og önnur orkufyrirtæki á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, þar sem kveðið er á um að samkeppni skuli gilda á raforkumarkaði, þ.e. að því er varðar framleiðslu og sölu á raforku. Orkubú Vestfjarða nýtur ekki samkvæmt lögum forgangs til rannsóknar- eða virkjunarleyfa á Vestfjörðum. Um slík leyfi gilda almenn lög, sbr. framangreint, auk þess sem 11. gr. stjórnsýslulaga kveður á um að við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta jafnræðis í lagalegu tilliti.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/1998 felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í löggunum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til virkjunar eða annarrar auðlindanýtingar.

2. *Hafa Orkubúi Vestfjarða verið veitt einhver rannsóknarleyfi og ef svo er, hvar og hversu stórir eru þeir virkjunarkostir sem leyfin líta að miðað við uppsett afl virkjunar?*

Orkustofnun hefur veitt Orkubúi Vestfjarða eftirfarandi rannsóknarleyfi undanfarin tvö ár:

- Rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 MW virkjun í Mjólka (Mjólka VI – virkjun vatna á aðrennslissvæði Skötufjarðar til Mjólkar), dags. 29. ágúst 2016.
- Rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW Glámuvirkjun á vatnasviði í Kjálkafirði, Vattarfirði og Ísafirði, dags. 29. ágúst 2016.
- Rannsóknarleyfi með landeiganda vegna áætlana um virkjun Hafnardsárs á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð, dags. 15. ágúst 2015.

3. *Hver er afstaða ráðherra til þess að almenningsfyrirtækið Orkubú Vestfjarða hafi orðið svo afskipt, hvað telur ráðherra að skýri þessa stöðu og er áformað að bregðast við henni?*

Með vísan til framangreinds er það mat ráðherra að ekki sé unnt að líta svo á að Orkubú Vestfjarða hafi orðið afskipt að því er veitingu rannsóknar- eða virkjunarleyfa varðar. Orkubú Vestfjarða starfar á samkeppnismarkaði raforkuframleiðslu, eins og önnur orkufyrirtæki, og nýtur sama réttar og önnur fyrirtæki á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og auðlindalaga, nr. 57/1998. Ekki er kunnugt um að Orkubúi Vestfjarða hafi verið neitað um veitingu rannsóknarleyfis.